

**Ed.**

**81. Frumvarp til laga**

[47. mál]

um breyting á lögum nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón með loðdýraræktinni í landinu. Það sker úr ágreiningi um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

**2. gr.**

Í stað „ráðunautar í loðdýrarækt“ í síðasta málslið 3. gr. komi: Búnaðarfélags Íslands.

**3. gr.**

2., 3. og 4. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands sjá um, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra. Það skal fela einum af ráðunautum félagsins þau störf, sem ríkisráðunauturinn í loðdýrarækt hefur haft með höndum.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem Búnaðarfélagið eða ráðunautur þess leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanns, og getur þá ráðherra skipað annan trúnaðarmann að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

**4. gr.**

Í stað „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. komi: Búnaðarfélag Íslands.

**5. gr.**

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrhelda ytri girðingu um refabúr og önnur slík loðdýrabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Minka skal þó ávallt geyma og ala í sérstökum þar til gerðum steinsteyptum húsum með steyptu gólfi. Nánari ákvæði um gerð húsa, búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Þó skal þeim, sem eiga löglega umbúin minkabú, þegar lög þessi koma til framkvæmda, heimilt að láta þau standa meðan Búnaðarfélag Íslands telur þau þannig úr garði gerð, að telja megi þau fulltrygga vörzlu.

**6. gr.**

Í stað „ráðunautar“ í 3. mgr. 6. gr. komi: Búnaðarfélags Íslands.

**7. gr.**

11. gr. laganna falli niður og breytist greinatalan samkvæmt því.

**8. gr.**

Upphaf 1. mgr. 11. gr., áður 12. gr., orðist svo:

Loðdýraræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefur með höndum o. s. frv.

9. gr.

16., áður 17. gr., orðist svo:

Um eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 112 30. sept. 1947, og gefa þau út svo breytt sem lög um loðdýrarækt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með breytingum þeim, sem hér eru gerðar á lögnum um loðdýrarækt, er gert ráð fyrir að leggja niður starf og skrifstofuhald ríkisráðunautarins í loðdýrarækt og fela Búnaðarfélagi Íslands stjórn þeirra mála, en félagið felur aftur einum ráðunauta sinna þau störf, sem ríkisráðunauturinn hefur haft með höndum.

Hin síðari ár hefur loðdýrarækt landsmanna dregið mjög saman, og er af þeim sökum starf ríkisráðunautarins í loðdýrarækt orðið mjög óverulegt, þannig að telja verður með öllu ónauðsynlegt að halda lengur mann á fullum launum og með sérstakt skrifstofuhald við það starf. Eins og fjárhag ríkissjóðs er háttað, telur ráðuneytið óhjákvæmilegt að gera allt, sem unnt er, til að draga úr útgjöldum og starfsmannahaldi ríkisins. Telur ráðuneytið, að Búnaðarfélag Íslands geti tekið við þessu starfi án þess að fjölga starfsmönnum og án verulegs kostnaðarauka.

Þá fellst og í breytingum á 6. gr. laganna sú breyting, að minkahald verður því aðeins leyft, að dýrin séu geymd og alin í sérstökum þar til gerðum steinsteyptum húsum með steypu gólfi. Reynslan hefur sýnt, að mjög erfitt er að ganga þannig frá minkabúrum og girðingum á bersvæði, að fullt öryggi fáið fyrir því, að dýrin sleppi ekki úr haldi. Þegar litið er á það tjón, sem villiminkar hafa valdið til þessa, verður öllum ljóst, að svo verður að búa um, að öruggt megi telja, að ekki sé hætt á, að minkar sleppi úr vörzlu. En það verður vart gert nema að lögboðið sé, að minka skuli ávallt geyma og ala í steinsteyptum húsum með steypu gólfi, enda sé þannig frá húsum þessum gengið, að Búnaðarfélag Íslands og ráðunautur þess telji fullnægjandi. Þó telur ráðuneytið sanngjarnt, að þeim, sem við gildistöku laganna eiga löglega og örugglega umbúin minkabú, verði leyft að láta þau standa meðan Búnaðarfélag Íslands telur þau það vel úr garði gerð, að telja megi þau örugga vörzlu.

Ráðuneytið hefur leitað álits og umsagnar Búnaðarfélags Íslands um frumvarp þetta, og er umsagnarbréf félagsins prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 5. okt. 1950.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands, er haldinn var 2. okt. 1950, var bókað: „Lagt fram bréf atvinnuáráðherra, dags. 22. sept. s. l., þar sem leitað er álits stjórnar Búnaðarfélags Íslands um frumvarp, er stjórnin hefur látið semja um að leggja niður starf loðdýraræktarráðunautar og að Búnaðarfélag Íslands taki að sér eftirlit það með loðdýraræktinni, sem löggin um þetta efni gera ráð fyrir. Stjórnin getur samþykkt þessa ráðstöfun sem leið til sparnaðar, þó gengið sé út frá að Búnaðarfélag Íslands fái nokkra þóknun fyrir þetta starf.

Önnur ákvæði frumvarpsins telur stjórnin vera til bóta frá því sem nú er, en telur varhugavert það ákvæði að veita undanþágu frá því að minkar verði aldir nema í steinsteyptum húsum.“

Af ofanritaðri bókun sér hið háa ráðuneyti afstöðu stjórnar Búnaðarfélags Íslands til málsins.

Sjálfur lit ég þannig á, að breyta þurfi síðari hluta 5. gr. og setja í hana ákveðinn frest, er menn fái til að breyta minkabúum sínum, t. d. að þeir sem nú eiga minkabú, skuli innan tveggja ára frá gildistöku laganna hafa breytt þeim, en eila falli leyfi þeirra til minkaeldis niður. Kæmi þá í stað orðanna „meðan Búnaðarfélag Íslands telur þau þannig úr garði gerð, að telja megi þau fulltrygga vörzlu“ orðin: allt að tveim árum, telji Búnaðarfélag Íslands þau tryggja vörzlu, en að þeim tíma liðnum skulu dýrin flutt í steypit hús, sem gerð eru samkvæmt lögum þessum og reglugerð, sem eftir þeim verður sett um slík hús. Sé þessu ákvæði ekki hlýtt, fellur leyfi viðkomandi til loðdýraeldis niður.

Ég teldi mjög æskilegt, að breyting þessi kæmi þegar fram í frumvarpinu, þar sem sjálfsagt er að gera þá kröfu til þeirra, er minkaeldi stunda, að þeir geymi dýr sín í pottböttum búrum, og sé það ekki sett undir dóm Búnaðarfélagsins, hvort svo sé, nema meðan þeir eru að koma húsunum upp, en það ættu þeir að geta gert á tveim árum.

Virðingarfyllt.

Páll Zóphóníasson.